



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs árið 2023

Almennir styrkir skóla- og frístundaráðs eru auglýstir með öðrum styrkjum borgarinnar ár hvert. Fram kemur í auglýsingum að „meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda“. Hvert fagsvið borgarinnar getur einnig haft sínar áherslur við úthlutun styrkja.

Umsóknir um styrki til skóla- og frístundaráðs 2023 voru **17** og heildarupphæð sem sótt var um **kr. 26.900.000**. en til úthlutunar eru skv. fjárhagsáætlun **kr. 3,0 millj.**

Úthlutunarnefndir lásu yfir og lögðu mat á þær umsóknir sem bárust um almenna styrki. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins
- hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn
- hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun



Gerð er tillaga um að eftirfarandi níu verkefni hljóti styrki, í þeim tilfellum þar sem lagt er til að veittur verði styrkur að hluta er skilyrt að styrkuppþæð verði varið í tilgreinda þætti.

Almennir styrkir - tillaga um úthlutun styrkja 2023

Nr.	Umsækjandi	Ábyrgðarmaður	Heiti verkefnis	Upphæð umsóknar	Tillaga	Útfærsla/skilyrði
1	ADHD samtökin	Hrannar B. Arnarsson	Nám og tólmstundir með ADHD	800.000	300.000	Greiða námskeið f. starfsfólk í skóla- og frístundastarfi
2	Andri Sæmundsson	Andri Sæmundsson	Ormamoltun í skólastofum	400.000	200.000	Tilraunaverkefni í 5 skólum
3	Elísabet Þóra Albertsdóttir	Elísabet Þóra Albertsdóttir	Hádegisfræðslur FFF 2023	650.000	200.000	Greiða hluta af kostnaði við hádegisfræðslur FFF
4	Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	Eldvarnarátak 2023	300.000	300.000	Eldvarnarfræðsla fyrir nemendur í 3. bekk
5	Muhammed Emin Kizilkaya	Muhammed Emin Kizilkaya	Pangea stærðfræðikeppnin 2023	600.000	250.000	Greiða hluta kostnaðar við lokahátíð
6	Rithöfundasamband Íslands	Rithöfundasamband Íslands	Skáld í skólum	1.000.000	500.000	Greiða niður kostnað v. heimsóknna í grunnskóla borgarinnar
7	Sigurður Sigurðsson	Sigurður Sigurðsson	Útgáfa á Netbæ (kennslubók í stafrænni borgaravitund)	4.300.000	150.000	Til að halda námskeið fyrir grunnskólakennara (námssefnisgerð ekki styrkt)
8	Stertabenda - leikhópur	Gréta K. Ómarsdóttir	Góðan daginn faggi - fræðsluviðburðir	2.000.000	400.000	Greiða niður hluta af kostnaði við 4 sýningar
9	Tónskóli Sigursveins	Tónskóli Sigursveins	Lögin hennar Röggú Gísla	1.000.000	700.000	Greiða hluta af kostnaði við tónleika á Barnamenningarhátíð
	Samtals			9.850.000	3.000.000	